

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/395****2018/EES/72/23****frá 13. mars 2018****um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 8. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákveða skilyrðin um örugga starfrækslu loftbelgja í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 þegar slík loftförl uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Í ljósi þess hvað starfræksla loftbelgja er sérstök í eðli sínu þá er þörf á sérstökum rekstrarreglum, sem mælt er fyrir um í sjálfstæðri reglugerð. Þessar reglur ættu að byggjast á almennu reglunum fyrir flugrekstur, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 <sup>(2)</sup>, en reglurnar ætti að endurskipuleggja og einfalda til að tryggja að þær séu hlutfallslegar og byggist á áhættumiðaðri nálgun, á sama tíma og tryggt er að starfræksla loftbelgja sé örugg.
- 3) Sérstæku reglurnar fyrir flugrekstur með loftbelgi ættu þó ekki að ná til krafna varðandi eftirlit lögbærna yfirvalda aðildarríkjanna með flugrekstri þar eð þær kröfur eiga ekki við neina sérstaka tegund flugreksturs heldur gilda þær þverlægt um allan flugrekstur. Að því er varðar eftirlit þá ættu kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 og í II. viðauka við þá reglugerð því áfram að gilda um flugrekstur með loftbelgi.
- 4) Í öryggisskyni og með það fyrir augum að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem mælt er fyrir um í IV. viðauka reglugerðar (EB) nr. 216/2008, þá skulu allir stjórnendur loftbelgja sem falla undir þessa reglugerð, að undanskildum hönnunar- eða framleiðslufyrirtækjum sem stunda tiltekna starfsemi, falla undir röð grunnkrafna.
- 5) Til að tryggja farþegum loftbelgja frekari vernd ætti að kveða á um frekari kröfur fyrir flugrekendur, sem stunda starfrækslu í ábataskyni með loftbelgjum, sem ættu að gilda til viðbótar við grunnkröfurnar.
- 6) Þessar viðbótarkröfur ættu að taka mið af því að starfræksla í ábataskyni með loftbelgi er í eðli sínu einfaldari en aðrar tegundir atvinnuflugs, vera hlutfallslegar og byggjast á áhættumiðaðri nálgun. Því er við hæfi að skipta út kröfunni um vottorð fyrir starfrækslu í ábataskyni, sem sett er fram í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, fyrir kröfu um fyrirframyfirlýsingu til lögbærs yfirvalds og um að mæla fyrir um ítarlegar reglur um útgáfu slíkra yfirlýsinga auk tiltekinna annarra viðbótarkrafna.
- 7) Að teknu tilliti til þess að aðgerðirnar eru tiltölulega einfaldar og í ljósi áhættumiðaðrar nálgunar ættu rekstraraðilar sem stunda tiltekna starfrækslu loftbelgja í ábataskyni þó að vera undanþegnir frá kröfunni um vottun og viðbótarkröfunum, þ.m.t. kröfunni um að leggja fram fyrirframyfirlýsingu. Þeir ættu þess í stað einungis að fara að grunnkröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð sem gilda um allan flugrekstur með loftbelgi.
- 8) Í því skyni að tryggja hnökralaus umskipti og til að forðast truflun eins og framast er unnt við innleiðingu á nýju, sérstæku fyrirkomulagi við starfrækslu loftbelgja sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ættu öll vottorð, leyfi og samþykki sem voru gefin út til rekstraraðila loftbelgja í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, í

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtfð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtfð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

takmarkaðan tíma að halda gildi sínu og teljast samsvara yfirlýsingu sem gefin er í samræmi við þessa reglugerð. Eftir að það tímabil rennur út ættu allir rekstraraðilar sem stunda starfrækslu loftbelgja í ábataskyni að gefa yfirlýsingu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

- 9) Í því skyni að tryggja hnökralaus umskipti og til að gefa öllum viðkomandi aðilum nægjanlegan tíma til að undirbúa sig fyrir beitingu nýja fyrirkomulagsins ætti þessi reglugerð einungis að gilda frá viðeigandi síðari dagsetningu.
- 10) Flugöryggisstofnunin útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit <sup>(1)</sup> til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Efni og gildissvið**

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um flugrekstur með loftbelgi þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um flugrekstur með tjóðruðum gasloftbelgjum.

*2. gr.*

#### **Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „loftbelgur“: mannað loftfar, léttara en andrúmsloftið, sem er ekki aflknúið og haldið er á lofti annaðhvort með gasi, sem er léttara en andrúmsloftið, eða með hitara, sem er um borð, þ.m.t. gasloftbelgir, hitaloftbelgir, hita-/gasloftbelgir og, jafnvel þótt þau séu aflknúin, hitaloftskip,
- 2) „gasloftbelgur“: laus loftbelgur sem er hafinn á loft með gasi sem er léttara en andrúmsloftið,
- 3) „tjóðraður gasloftbelgur“: gasloftbelgur með tjóðrunarbúnaði sem heldur loftbelgnum ávallt föstum við fastan punkt meðan á starfrækslu stendur,
- 4) „laus loftbelgur“: loftbelgur sem er ekki fastur við fastan punkt meðan á starfrækslu stendur,
- 5) „hitaloftbelgur“: laus loftbelgur sem er hafinn á loft með hituðu lofti,
- 6) „hita-/gasloftbelgur“: laus loftbelgur sem er hafinn á loft með samblandi af hituðu lofti og óeldfimu gasi sem er léttara en andrúmsloftið,
- 7) „hitaloftskip“: aflknúinn hitaloftbelgur, þar sem hreyfillinn er ekki notaður við lyftingu,
- 8) „keppnisflug“: allur flugrekstur með loftbelg í þeim tilgangi að taka þátt í kappflugi eða keppni, þ.m.t. æfingar fyrir slíkt flug ásamt flugi til og frá kappflugi eða keppnum,
- 9) „flugsýning“: allur flugrekstur með loftbelg í þeim tilgangi að bjóða upp á sýningu eða skemmtun við auglýstan viðburð sem opin er almenningi, þ.m.t. æfingar fyrir slíkt flug ásamt flugi til og frá auglýstum viðburði,
- 10) „kynnisflug“: allur flugrekstur gegn greiðslu eða annars konar gjaldi sem samanstendur af stuttri flugferð í þeim tilgangi að laða að nýja nemendur eða nýja meðlimi, sem fram fer annað hvort á vegum þjálfunarfyrtækis sem er samþykkt í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2001 <sup>(2)</sup> eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug,

<sup>(1)</sup> Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 01/2016 frá 6. janúar 2016 varðandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á evrópskum rekstrarreglum fyrir loftbelgi.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningisflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjttð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

- 11) „höfuðstöðvar“: aðalskrifstofa eða skráð skrifstofa rekstraraðila loftbelgs þar sem aðalfjármálastarfsemi og rekstrarstjórnun þeirrar starfsemi sem um getur í þessari reglugerð fer fram,
- 12) „samningur um tómaleigu“: samningur milli fyrirtækja um starfrækslu loftbelgs á ábyrgð leigutaka.

3. gr.

### Flugrekstur

1. Flugrekendur loftbelgja skulu starfrækja loftbelginn í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í kafla BAS í II. viðauka.

Fyrsta undirgrein gildir þó ekki um hönnunar- eða framleiðslufyrirtæki sem samræmast, eftir því sem við á, ákvæðum 8. og 9. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 <sup>(1)</sup> og sem starfrækja loftbelginn, innan réttinda sinna, í þeim tilgangi að taka í notkun nýjar tegundir loftbelgja eða gera breytingar á tegundum loftbelgja.

2. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 ættu kröfur um vottun sem þar er mælt fyrir um ekki að gilda um rekstraraðila sem stunda starfrækslu loftbelgja í ábataskyni.

Þessum rekstraraðilum er eingöngu heimilt að stunda slíka starfrækslu í ábataskyni eftir að hafa tilkynnt lögbæru yfirvaldi um hæfni sína og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu loftbelgs. Þeir skulu, til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í kafla BAS, gefa þá yfirlýsingu og starfrækja loftbelginn í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í kafla ADD í II. viðauka.

Önnur undirgrein gildir þó ekki um rekstraraðila sem stunda eftirfarandi starfrækslu loftbelgja:

- a) rekstur þar sem fjórir einstaklingar eða færri, þ.m.t. flugstjóri, skipta með sér kostnaði, að því tilskildu að beinn kostnaður við flug loftbelgsins og hlutfallslegur árlegur kostnaður sem fellur til vegna geymslu, trygginga og viðhalds loftbelgsins skiptist niður á alla þessa einstaklinga,
- b) keppnisflug eða flugsýningar, að því tilskildu að þóknunin eða annars konar greiðsla fyrir slík flug sé takmörkuð við endurheimt beins kostnaðar við flug loftbelgsins og hlutfallslegs árlegs kostnaðar sem fellur til vegna geymslu, trygginga og viðhalds loftbelgsins og að verðmæti verðlaunanna sé ekki meira en lögbært yfirvald tilgreinir,
- c) kynnisflug með fjórum einstaklingum eða færri, þ.m.t. flugstjóranum, og flug vegna fallhlífartökks, sem fram fer annað hvort á vegum hjálfunarfyrirtækis með höfuðstöðvar sínar í aðildarríki og er samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug, með því skilyrði að fyrirtækið starfræki loftbelginn á grundvelli eignarhalds eða samnings um tómaleigu, að flugið skapi ekki hagnað, sem greiddur er út utan fyrirtækisins og að slíkt flug sé aðeins lítil hluti af starfsemi fyrirtækisins,
- d) hjálfunarflug sem fer fram á vegum hjálfunarfyrirtækis með höfuðstöðvar sínar í aðildarríki og er samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

4. gr.

### Umbreytingarákvæði

Vottorð, leyfi og samþykki sem voru gefin út til rekstraraðila loftbelgja af aðildarríkjum fyrir 8. apríl 2019 í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eða í samræmi við ákvæði landslaga sem eru í samræmi við 10. gr. (2. mgr., 3. mgr. og b-lið 5. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 965/2012, skulu halda gildi sínu til 8. október 2019.

Til 8. október 2019 skal einnig litið á allar tilvísanir í yfirlýsingu, sem fram koma í þessari reglugerð, sem tilvísun í vottorð, leyfi eða samþykki sem gefin eru út í aðildarríkjunum fyrir 8. apríl 2019.

<sup>(1)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjútíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

5. gr.

**Gildistaka og beiting**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 8. apríl 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. mars 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

## SKILGREININGAR

[HLUTI-DEF]

Í II. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC)“: staðlar sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt, til að sýna fram á aðferðir til að tryggja að kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar séu uppfylltar,
2. „aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC)“: tillaga um valkost annan en núverandi viðurkennda aðferð eða tillaga um nýja aðferð til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar þar sem Flugöryggisstofnunin hefur ekki ákvarðað tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar,
3. „flugstjóri“: flugmaður sem er tilnefndur sem flugstjóri og sem hefur það hlutverk að tryggja öruggt flug,
4. „loftbelgslíði“: einstaklingur sem flugrekandi tilnefnir til að gegna skyldustörfum um borð í loftbelg eða, ef skyldustörfin tengjast beint starfrækslu loftbelgsins, á jörðu niðri,
5. „flugliði“: loftbelgslíði sem er handhafi flugliðaskirteinis og er falið starf, meðan hann er á flugvakt, sem er nauðsynlegt við starfrækslu loftfarsins,
6. „geðvirk efni“: alkóhól, ópíumefni, kannabisefni, róandi lyf og svefnlyf, kokaín, önnur geðörvandi lyf, ofskynjunarlyf og rokgjörn leysiefni, að undanskildu kaffi og tóbaki,
7. „slys“: atvik í tengslum við starfrækslu loftbelgs sem á sér stað frá því augnabliki þegar byrjað er að blása loftbelginn upp og þar til öllu lofti hefur verið hleypt úr honum, þar sem:
  - a) einstaklingur verður fyrir meiðslum sem draga til dauða eða alvarlegu líkamstjóni vegna þess að hann var um borð í loftbelgnum eða hann var í beinni snertingu við einhvern hluta loftbelgsins, þar á meðal hluta sem hafa losnað frá loftbelgnum, að undanskildum meiðslum sem eiga sér eðlilegar orsakir eða eru af völdum einstaklingsins sjálfs eða annarra einstaklinga,
  - b) loftbelgurinn verður fyrir skemmdum eða bilun í burðarvirki sem hefur skaðleg áhrif á burðarþol, frammistöðu eða flugeiginleika og krefst mikillar viðgerðar eða þess að skipt sé um viðkomandi íhlut eða
  - c) loftbelgsins er saknað eða ógerlegt að komast að honum,
8. „flugatvik“: atvik, annað en slys, sem tengist starfrækslu loftbelgs og sem hefur eða getur haft áhrif á öryggi starfrækslunnar,
9. „alvarlegt flugatvik“: atvik í tengslum við starfrækslu loftbelgs sem á sér stað frá því augnabliki þegar byrjað er að blása loftbelginn upp og þar til öllu lofti hefur verið hleypt úr honum, þar sem miklar líkur voru á slysi,
10. „varasömstu stig flugs“: flugtak, lokaaðflug, fráflug, landing og önnur stig flugs sem flugstjóri ákvarðar að séu varasöm að því er varðar örugga starfrækslu loftbelgsins,
11. „flughandbók“: skjal sem inniheldur viðeigandi og samþykkt starfrækslumörk og upplýsingar um loftbelginn,
12. „hættulegur varningur“: hlutir eða efni sem geta stofnað heilbrigði, öryggi, eignum eða umhverfinu í hættu og sem er að finna í skránni yfir hættulegan varning í tæknilegu fyrirmælunum eða sem eru flokkuð sem slík í samræmi við þessi fyrirmæli,
13. „tæknileg fyrirmæli“: nýjasta gildandi útgáfa af „tæknilegum fyrirmælum um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis“ ásamt viðbættum og hvers konar viðbótum sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur birt í skjali 9284-AN-905,
14. „starfrækslusvæði“: svæði sem flugstjóri eða flugrekandi velur fyrir landingu, flugtak eða lestun utanálíggjandi farms,
15. „eldsneytistaka“: utanaðkomandi enduráfylling eldsneytishylkja eða -geyma, að undanskildum útskiptum á eldsneytishylkjum,

16. „nótt“: tímabilið á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni. Ljósaskipti enda að kvöldi þegar miðpunktur sólar er  $6^\circ$  fyrir neðan sjóndeildarhring og hefjast að morgni þegar miðpunktur sólar er  $6^\circ$  fyrir neðan sjóndeildarhring.
  17. „sérstök starfræksla loftbelgs“: öll starfræksla loftbelgs, í ábataskyni eða ekki í ábataskyni, sem hefur ekki það meginmarkmið að flytja farþega í útsýnis- eða reynsluflug, heldur í fallhlífarsökksflug, til að setja út svifdreka, til flugsýninga, keppnisflugs eða álíka sérhæfðrar starfsemi,
  18. „flutningshleðsla“: heildarmassi farþega, farangurs og sérhannaðra tækja um borð,
  19. „tómamassi loftbelgs“: massi sem er ákvarðaður með því að vigta loftbelginn með öllum uppsettum búnaði sem tilgreindur er í flughandbókinni,
  20. „samningur um þjónustuleigu“: samningur milli fyrirtækja um starfrækslu loftbelgs á ábyrgð leigutaka,
  21. „farþegaflutningar með loftbelg“: tegund flutningaflugs með loftbelg þar sem farið er með farþega í útsýnis- eða reynsluflug gegn greiðslu eða annars konar gjaldi,
  22. „flutningaflug“: starfræksla loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, farmi eða pósti gegn greiðslu eða annars konar gjaldi.
-

*II. VIÐAUKI***FLUGREKSTUR LOFTBELGJA**

[HLUTI-BOP]

*KAFLI BAS***REKSTRARLEGAR GRUNNKRÖFUR***1. liður***Almennar kröfur****BOP.BAS.001 Gildissvið**

Í samræmi við 3. gr. eru í þessum kafla settar kröfur sem allir rekstraraðilar loftbelgja skulu að uppfylla, þó ekki hönnunar- eða framleiðslufyrirtæki sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 3. gr.

**BOP.BAS.005 Lögbært yfirvald**

Lögbært yfirvald skal vera það yfirvald sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar eða, ef rekstraraðilinn hefur engar höfuðstöðvar, þar sem hann hefur staðfestu eða búsetu. Það yfirvald skal fara að kröfum 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 í samræmi við 7. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar.

**BOP.BAS.010 Sönnun þess að kröfurnar séu uppfylltar**

- a) Flugrekandi skal að beiðni lögbæra yfirvaldsins, sem sannreynir að flugrekandi fari áfram að ákvæðum 2. liðar a-liðar í lið ARO.GEN.300 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, sýna fram á að farið hafið verið að grunnkröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og að kröfum þessarar reglugerðar.
- b) Flugrekandi skal nota aðra hvora af eftirfarandi aðferðum til að sýna fram á slíka reglufylgni:
  - 1) viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC),
  - 2) aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC).

**BOP.BAS.015 Kynnisflug**

Kynnisflug skal:

- a) flogið samkvæmt sjónflugsreglum að degi til og
- b) vera, með tilliti til öryggis, undir umsjón einstaklings sem er tilnefndur af fyrirtækinu sem flýgur kynnisflugið.

**BOP.BAS.020 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli**

Flugrekandinn skal innleiða:

- a) öryggisráðstafanir sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um í samræmi við c-lið liðar ARO.GEN.135 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og
- b) lofthæfifyrirmæli og aðrar skyldubundnar upplýsingar sem Flugöryggisstofnunin gefur út í samræmi við j-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

**BOP.BAS.025 Tilnefning sem flugstjóri**

Flugrekandi skal tilnefna flugstjóra sem hefur starfsréttindi sem flugstjóri í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

**BOP.BAS.030 Ábyrgð flugstjórans**

a) Flugstjórinn skal:

- 1) bera ábyrgð á öryggi loftbelgsins og einstaklinga eða eigna sem þar eru um borð á meðan starfrækslu loftbelgsins stendur,
- 2) bera ábyrgð á upphafi, áframhaldi eða stöðvun flugs í öryggisskyni,
- 3) sjá til þess að öllum verklagsreglum og gátlistum sé fylgt,
- 4) að leggja aðeins upp í flug ef hann hefur gengið úr skugga um að farið sé að öllum starfrækslutakmörkunum, þ.e.:
  - i. að loftbelgurinn sé lofthæfur,
  - ii. að loftfarið sé skráð á viðeigandi hátt,
  - iii. að mælitæki og búnaður, sem krafist er fyrir framkvæmd flugsins, séu uppsett í loftbelgnum og starfhæf,
  - iv. að massi loftbelgsins sé þannig að flugið geti farið fram innan þeirra marka sem eru skilgreind í flughandbók,
  - v. að öllum búnaði og farangri sé hlaðið á réttan hátt og hann sé rétt festur og
  - vi. að ekki verði í neinum tilvikum farið út fyrir starfrækslutakmarkanir loftbelgsins, eins og þær eru tilgreindar í flughandbók, í fluginu,
- 5) tryggja að fyrirflugsskoðun hafi farið fram eins og krafist er í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 <sup>(1)</sup>,
- 6) bera ábyrgð á fyrirflugskynningu til einstaklinga sem aðstoða við að blása upp og tæma belginn,
- 7) tryggja að einstaklingar, sem aðstoða við að blása upp og tæma belginn, klæðist viðeigandi hlífðarfatnaði,
- 8) vera fullviss um að viðeigandi neyðarbúnaður sé ávallt aðgengilegur fyrirvaralaust,
- 9) tryggja að enginn reyki um borð í loftbelgnum eða nálægt honum,
- 10) ekki leyfa að fólk, sem virðist vera undir svo miklum áhrifum geðvirkra efna að það geti stofnað öryggi loftbelgsins eða einstaklinga eða eigna sem þar eru um borð í hættu, sé flutt með loftfarinu,
- 11) ávallt hafa stjórn á loftbelgnum á meðan flugi stendur, nema ef annar flugmaður er að taka við stjórninni,
- 12) grípa til aðgerða í neyðartilviki sem krefst tafarlausrar ákvörðunar og aðgerðar sem flugstjórinn telur rétta miðað við aðstæður. Í slíkum tilvikum er flugstjóra heimilt, eftir því sem þurfa þykir í öryggisskyni, að víkja frá reglum, verklagsreglum og vinnuáðferðum,
- 13) ekki halda flugi áfram fram hjá næsta veðurfæra starfrækslusvæði þegar geta hans til að gegna skyldustörfum er verulega skert vegna veikinda, þreytu, skorts á súrefni eða annarra orsaka,
- 14) að skrá notkunargögn og allar bilanir í loftbelgnum, sem vitað er um eða sem grunur leikur á um að séu til staðar, í leiðarflugbók loftbelgsins eftir að flugi, eða röð flugferða, er lokið,
- 15) tilkynna yfirvaldi öryggisrannsókna og neyðarþjónustu í því ríki þar sem atvikið átti sér stað tafarlaust og með fljótlegustu aðferð um öll alvarleg flugatvik eða slys sem loftbelgurinn á þátt í,

<sup>(1)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).



- 16) leggja skýrslu um ólöglegt athæfi tafarlaust fyrir lögbæra yfirvaldið og tilkynna staðaryfirvaldinu, sem ríkið þar sem hið ólöglega athæfi átti sér stað, um það og
  - 17) tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild tafarlaust um hvers kyns hættuleg veður- eða flugskilyrði sem eru líkleg til að hafa áhrif á öryggi annarra loftfara.
- b) Flugstjóri skal ekki gegna skyldustörfum um borð í loftbelg við eftirfarandi aðstæður:
- 1) ef hann er óhæfur til að gegna skyldustörfum af einhverjum ástæðum, þ.m.t. vegna meiðsla, veikinda, inntöku lyfja, þreytu eða áhrifa geðvirkra efna, eða ef honum finnst hann vera að öðru leiti ófær um það,
  - 2) ef viðeigandi heilbrigðiskröfur eru ekki uppfylltar.
- c) Þegar loftbelgslíði taka þátt í starfrækslu loftbelgsins skal flugstjórinn:
- 1) tryggja að á varasömustu stigum flugsins, eða þegar það telst nauðsynlegt í öryggisskyni, að allir loftbelgslíðar séu á vinnureit sínum og inni ekki af hendi nein önnur störf en þau sem nauðsynleg eru vegna öruggar starfrækslu loftbelgsins,
  - 2) ekki leggja upp í flug ef einhver loftbelgslíði er óhæfur til að gegna skyldustörfum af einhverjum ástæðum, þ.m.t. vegna meiðsla, veikinda, inntöku lyfja, þreytu eða áhrifa geðvirkra efna eða ef honum finnst hann vera að öðru leiti ófær um það,
  - 3) ekki halda flugi áfram fram hjá næsta veðurfæra starfrækslusvæði þegar geta einhvers loftbelgslíða til að gegna skyldustörfum er verulega skert vegna veikinda, þreytu, skorti á súrefni eða annarra orsaka og
  - 4) sjá til þess að allir loftbelgslíðar geti tjáð sig hver við annan á sameiginlegu tungumáli.

#### **BOP.BAS.035 Valdsvið flugstjóra**

Flugstjórinn skal hafa vald til þess að:

- a) gefa allar skipanir og gera allar viðeigandi ráðstafanir í því skyni að tryggja öryggi loftbelgsins og einstaklinga eða eigna sem þar eru um borð og
- b) neita einstaklingi að koma um borð eða flytja hann eða farangur sem gæti stofnað öryggi loftbelgsins í hættu eða einstaklingi eða eignum sem þar eru um borð.

#### **BOP.BAS.040 Ábyrgð loftbelgslíða**

- a) Allir loftbelgslíðar skulu bera ábyrgð á rétttri framkvæmd skyldustarfa sinna að því er varðar starfrækslu loftbelgsins.
- b) Loftbelgslíðar skulu ekki gegna skyldustörfum um borð í loftbelg ef þeir eru óhæfir af einhverjum ástæðum, þ.m.t. vegna meiðsla, veikinda, inntöku lyfja, þreytu eða áhrifa geðvirkra efna eða ef þeim finnst þeir vera að öðru leiti ófærir um það.
- c) Loftbelgslíðar skulu tilkynna flugstjóra um hvort tveggja eftirfarandi:
  - 1) um hvers kyns annmarka, bilanir, ólag eða galla sem þeir telja að geti haft áhrif á lofthæfi eða örugga starfrækslu loftbelgsins, að meðtöldum neyðarkerfum,
  - 2) öll flugatvik.
- d) Fluglíðar sem gegna skyldustörfum fyrir fleiri en einn flugrekanda skulu:
  - 1) halda eigin skrár yfir far- og hvíldartíma, ef við á, og
  - 2) veita sérhverjum flugrekanda þær upplýsingar sem þarf til að áætla starfsemi í samræmi við viðeigandi fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma.

**BOP.BAS.045 Samræmi við lög, reglur og verklagsreglur**

- a) Flugstjórinn og allir aðrir loftbelgslíðar skulu fara að lögum, reglum og verklagsreglum þess aðildarríkis þar sem flugið fer fram.
- b) Flugstjórinn skal kunna skil á lögum, reglum og verklagsreglum sem lúta að framkvæmd skyldustarfa hans og mælt er fyrir um fyrir svæði sem flogið er yfir, starfrækslusvæði sem fyrirhugað er að nota, og tilheyrandi flugleiðsöguvirki.

**BOP.BAS.050 Skjöl, handbækur og upplýsingar sem eiga að vera um borð**

- a) Öll eftirfarandi skjöl, handbækur og upplýsingar skulu vera um borð í loftfari í hverri flugferð, í formi frumrita eða afrita:
  - 1) starfrækslumörk, verklagsreglur við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum og aðrar viðkomandi upplýsingar í tengslum við starfræna eiginleika loftbelgsins,
  - 2) nákvæm sundurliðun á skráðri flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu, ef þess er krafist í samræmi við 4. lið viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 <sup>(1)</sup>,
  - 3) gild og hentug flugkort fyrir svæðið sem fyrirhugað er að fljúga yfir.
- b) Öll eftirfarandi skjöl, handbækur og upplýsingar skulu vera um borð í loftfari í hverri flugferð eða fylgibifreiðinni, í formi frumrita eða afrita:
  - 1) skráningarskírteini,
  - 2) lofthæfivottorð, þ.m.t. viðaukar,
  - 3) flughandbókin eða jafngild skjöl,
  - 4) talstöðvarskírteini loftfars, ef loftbelgur er búinn þráðlausum fjarskiptabúnaði í samræmi við a-lið liðar BOP.BAS.355,
  - 5) ábyrgðartryggingarskírteini loftfarsins,
  - 6) leiðarflugbók loftbelgsins eða jafngild skjöl,
  - 7) öll önnur gögn sem geta skipt máli fyrir flugið eða sem ríki, sem eiga hlut að máli í viðkomandi flugi, kunna að krefjast.
- c) Ef lögbært yfirvald krefst þess skal flugstjóri eða flugrekandi gefa yfirvaldinu aðgang að upphaflegum gögnum innan þess frests sem yfirvaldið tiltekur sem skal ekki vera minni en 24 klst.

**BOP.BAS.055 Hættulegur varningur**

- a) Flutningur á hættulegum varningi um borð í loftbelgnum skal framkvæmdur í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 18. viðauka við Chicago-samninginn, eins og honum var síðast breytt og hann útvíkkaður með tæknilegu fyrirmælunum.
- b) Flugstjórinn skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hættulegur varningur sé hafður meðferðis um borð í loftbelgnum fyrir slysi.
- c) Samkvæmt a-lið í lið 2.2.1 í 1. hluta tæknilegu fyrirmællanna er leyfilegt að flytja hæfilegt magn hluta og efna um borð í loftfari, sem væru annars flokkuð sem hættulegur varningur en eru notuð til að efla flugöryggi, þegar flutningur þeirra um borð í loftbelgnum er ráðlagður til að tryggja að þau séu aðgengileg í tæka tíð í rekstrarlegum tilgangi, óháð því hvort þess sé krafist að þessir hlutir og efni séu flutt í tilteknu flugi eða hvort fyrirhugað sé að nota þau í tengslum við tiltekið flug. Flugstjóri skal sjá til þess að pökkum og feringum þessara hluta og efna um borð í loftbelginn sé með þeim hætti að sem minnst hætta steðji að loftbelgslíðum, farþegum og loftbelgnum á meðan starfrækslu loftbelgsins stendur.

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjóð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

- d) Flugstjórinn eða, ef hann er óstarfhæfur, flugrekandi skal tafarlaust tilkynna yfirvaldi öryggisrannsókna í því ríki, þar sem atvikið átti sér stað, neyðarþjónustu þess ríkis, öðru yfirvaldi sem tilnefnt er af því ríki og lögbæra yfirvaldinu um öll slys eða atvik sem tengjast hættulegum varningi.

#### **BOP.BAS.060 Losun hættulegs varnings**

- a) Flugstjóri skal ekki losa hættulegan varning við starfrækslu loftbelgs yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa eða yfir útisamkomum.
- b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar mega fallhlífarsökkvarar sökkva fallhlífarsökk úr loftbelg á sýningu yfir þessum þéttbýlu svæðum eða útisamkomum, með reykmerkjabúnað sem er framleiddur í þeim tilgangi.

#### **BOP.BAS.065 Leiðarflugbók loftbelgs**

Fyrir hvert flug, eða röð flugferða, skulu upplýsingar um loftbelginn, áhöfn hans og hverja ferð geymdar í leiðarflugbók loftbelgsins eða jafngildu skjali.

### *2. liður*

#### **Verklagsreglur í flugi**

#### **BOP.BAS.100 Notkun starfrækslusvæða**

Flugstjóri skal einungis nota starfrækslusvæði sem eru viðunandi fyrir hlutaðeigandi tegund loftbelgs og starfrækslu.

#### **BOP.BAS.105 Verklagsreglur um hávaðamildun**

Flugstjórinn skal taka tillit til verklagsreglna til að draga úr áhrifum af völdum hávaða frá hitakerfum en tryggja jafnframt að öryggi hafi forgang umfram hávaðamildun.

#### **BOP.BAS.110 Eldsneytis- og kjölfestubirgðir og áætlanagerð**

Flugstjórinn skal aðeins leggja upp í flug ef varabirgðir eldsneytis eða kjölfesta um borð dugir til að tryggja örugga landingu.

#### **BOP.BAS.115 Upplýsingar til farþega**

Flugstjórinn skal tryggja að fyrir flug og, ef það á við, meðan á flugi stendur fái farþegar upplýsingar um verklagsreglur við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum.

#### **BOP.BAS.120 Flutningur á sérstökum flokkum farþega**

Flugstjórinn skal tryggja að einstaklingar, sem þarfnast sérstakra aðstæðna, aðstoðar eða búnaðar þegar þeir ferðast með loftbelg, ferðist við aðstæður sem tryggja öryggi loftbelgsins og einstaklinga eða eigna um borð.

#### **BOP.BAS.125 Afhending flugáætlunar til flugumferðarþjónustu**

- a) Ef flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu er ekki lögð fram vegna þess að ekki er gerð krafa um það í samræmi við b-lið liðar SERA.4001 í viðauka framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 923/2012, skal flugstjóri leggja fram nægilegar upplýsingar til að unnt sé að virkja viðbúnaðarþjónustu ef þörf krefur.
- b) Þegar flogið er frá starfrækslusvæði þar sem ógerlegt er að leggja fram flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu, þó að gerð sé krafa um það í samræmi við b-lið liðar SERA.4001 í viðauka framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 923/2012, skal flugstjóri leggja hana fram eftir flugtak.

**BOP.BAS.130 Undirbúningur flugs**

Áður en flugstjóri leggur upp í flug skal hann hafa kynnt sér allar fyrirbyggjandi veður- og flugmálaupplýsingar sem varða fyrirhugað flug, sem fela í sér hvort tveggja eftirfarandi:

- a) athugun á nýjstu fyrirbyggjandi veðurlýsingum og veðurspám,
- b) áætlun um annars konar ráðstafanir til að grípa til ef ekki er hægt að ljúka flugi eins og áætlað hefur verið.

**BOP.BAS.135 Reykingar um borð**

Reykingar eru bannaðar um borð í loftbelg á öllum stigum flugsins eða nálægt honum.

**BOP.BAS.140 Flutningur og notkun vopna**

- a) Flugstjóri skal tryggja að enginn hafi vopn meðferðis eða noti vopn um borð í loftbelgnum.
- b) Þrátt fyrir a-lið getur flugstjórinn heimilað burð og notkun vopna um borð í loftbelgnum ef nauðsyn ber til vegna öryggis loftbelgsliða eða farþega. Í slíkum tilvikum skal flugstjóri sjá til þess að vopnin séu geymd á öruggan hátt þegar þau eru ekki í notkun.

**BOP.BAS.145 Veðurskilyrði**

Flugstjóri skal einungis leggja upp í sjónflug eða halda fluginu áfram ef nýjstu fyrirbyggjandi veðurupplýsingar gefa til kynna að veðurskilyrði á flugleið og fyrirhuguðum ákvörðunarstað á áætluðum tíma notkunar verði sem hér segir:

- a) jafngóð eða betri en tilgreind sjónflugslágmörk og
- b) innan veðurfræðilegra takmarkana sem tilgreindar eru í flughandbókinni.

**BOP.BAS.150 Flugtaksskilyrði**

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann vera fullviss um að samkvæmt nýjstu fyrirbyggjandi upplýsingum muni veðrið á starfrækslusvæðinu stuðla að öryggi í flugtaki og brottflugi.

**BOP.BAS.155 Aðflugs- og landingarskilyrði**

Áður en flugstjóri hefur aðflug til landingar skal hann vera fullviss um að aðstæður á fyrirhuguðu starfrækslusvæði stuðli að öruggu aðflugi og landingu samkvæmt nýjstu fyrirbyggjandi upplýsingum, nema ef um neyðarástand er að ræða.

**BOP.BAS.160 Hermt eftir aðstæðum á flugi**

- a) Þegar flugstjóri flytur farþega skal hann ekki herma eftir aðstæðum þar sem þess er krafist að notast sé við afbrigðilegar verklagsreglur eða verklagsreglur í neyðartilvikum.
- b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar má flugstjóri herma eftir slíkum aðstæðum ef önnur starfsemi en starfræksla í ábataskyni stendur yfir, við flugþjálfun annað hvort með flugnemum eða með farþegum, að því tilskildu að farþegar hafi verið upplýstir með tilhýðilegum hætti og þeir samþykkt hermunina fyrir fram.

**BOP.BAS.165 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi**

Flugstjórinn skal með reglulegu millibili, á meðan flugi stendur, staðfesta að nýtanlegt eldsneyti eða kjölfesta, sem eftir er á flugi, sé ekki minni en það eldsneyti eða kjölfesta sem þarf til að komast á leiðarenda og varabirgðirnar sem ætlaðar eru til landingar.

**BOP.BAS.170 Eldsneytistaka á meðan einstaklingar eru um borð**

- a) Ekki skal setja eldsneyti á loftbelgi á meðan einstaklingar eru um borð.
- b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar má setja eldsneyti á hreyfla hitaloftskipa á meðan flugstjóri er um borð.

**BOP.BAS.175 Notkun festibúnaðar**

Ef gerð er krafa um festibúnað í samræmi við lið BOP.BAS.320 skal flugstjóri a.m.k. nota búnaðinn við landingu.

**BOP.BAS.180 Notkun viðbótarsúrefnis**

Flugstjórinn skal sjá til þess:

- a) að allir loftbelgsliðar, sem sinna skyldustörfum sem lúta að öruggri starfrækslu loftbelgsins, noti ávallt viðbótarsúrefni ef hann telur að skortur á súrefni í þeirri flughæð sem áætlað er að fljúga í gæti leitt til skertrar starfshæfni loftbelgsliða og
- b) að farþegar hafi aðgang að viðbótarsúrefni þegar skortur á súrefni gæti haft skaðleg áhrif á þá.

**BOP.BAS.185 Starfrækslutakmarkanir að næturlagi**

- a) Hitaloftbelgir:
  - 1) mega ekki lenda að nóttu til nema þegar um neyðarástand er að ræða og
  - 2) mega hefja flugtak að nóttu til, að því tilskildu að þeir beri nægilegt eldsneyti til landingar að degi til.
- b) Gasloftbelgir og hita-/gasloftbelgir:
  - 1) mega ekki lenda að nóttu til nema að um sé að ræða neyðarástand eða landingu í varúðarskyni og
  - 2) mega hefja flugtak að nóttu til, að því tilskildu að þeir beri nægilegt eldsneyti til landingar að degi til.
- c) Hitaloftskip skulu starfrækt í samræmi við samþykkt starfrækslumörk og upplýsingar um sjónflug að nóttu.

**BOP.BAS.190 Sérstök starfræksla loftbelgs — Áhættumat og gátlisti**

- a) Áður en sérstök starfræksla loftbelgs hefst skal flugstjóri framkvæma áhættumat þar sem hann metur flækjustig starfseminnar til að ákvarða hættur og tilheyrandi áhættu, sem fylgir fyrirhugaðri starfrækslu, og gera ráðstafanir til að draga úr áhættu ef nauðsyn krefur.
- b) Sérstök starfræksla loftbelgs skal fara fram í samræmi við gátlista. Flugstjóri skal, á grundvelli áhættumatsins, gera gátlistann og tryggja að hann henti fyrir sérstöku starfræksluna og loftbelginn sem er notaður, með tilliti til allra krafna sem eru settar fram í þessum kafla. Gátlistinn skal vera vel aðgengilegur flugstjóra og öðrum loftbelgsliðum í hverju flugi, þegar við á til að þeir geti sinnt skyldum sínum.
- c) Flugstjóri skal endurskoða og uppfæra gátlistann með reglulegu millibili ef nauðsyn krefur til að taka til mið af áhættumati.

*3. liður***Takmarkanir á afkastagetu og starfrækslu****BOP.BAS.200 Starfrækslumörk**

Flugstjóri skal á öllum stigum starfrækslu loftbelgsins tryggja að ekki sé farið umfram þær takmarkanir sem eru tilgreindar í flughandbókinni eða jafngildum skjölum.

**BOP.BAS.205 Vigtun**

- a) Framleiðandi loftbelgsins skal annast vigtun loftbelgs eða hún skal fara fram í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
- b) Flugrekandi skal tryggja að búið sé að ákvarða massa loftbelgsins með því að vigta hann áður en hann er tekinn í notkun í fyrsta sinn. Gera skal grein fyrir samanlögðum áhrifum breytinga og viðgerða á massa og skrásetja á tilskilinn hátt. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar flugstjóranum. Endurvigta skal loftbelginn ef áhrif breytinga eða viðgerða á massa eru ekki þekkt.

**BOP.BAS.210 Afkastageta — almenn ákvæði**

Flugstjóri skal aðeins starfrækja loftbelg ef afkastageta loftbelgsins uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 og í samræmi við allar aðrar takmarkanir sem eiga við um flugið, loftrými eða starfrækslusvæðin sem notast er við, og jafnframt tryggja að öll kort og landabréf séu af nýjustu fyrirbyggjandi útgáfu.

*4. liður***Mælitæki og búnaður****BOP.BAS.300 Mælitæki og búnaður — almenn ákvæði**

- a) Mælitæki og búnaður, sem krafist er samkvæmt þessum lið, skulu viðurkennd í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2012 ef eitt af eftirtöldum skilyrðum hefur verið uppfyllt:
  - 1) þau eru notuð til að uppfylla ákvæði liðar BOP.BAS.355 og BOP.BAS.360,
  - 2) þau eru varanlega uppsett í loftbelgnum.
- b) Þrátt fyrir a-lið þarf ekki samþykki fyrir eftirfarandi tækjum eða búnaði þegar hans er krafist í þessum lið:
  - 1) tækjum eða búnaði sem er notaður af flugliðum til að ákvarða flugslóð,
  - 2) vasaljósum,
  - 3) nákvæmri klukku,
  - 4) sjúkrakassa,
  - 5) búnaði til að lifa af og merkjabúnaði,
  - 6) búnaði til að geyma og gefa viðbótarsúrefni,
  - 7) öðrum kveikjugjafa,
  - 8) eldvarnarteppi eða brunapolinni ábreiðu,
  - 9) handslökkvitæki,
  - 10) falllínu,
  - 11) hníf.
- c) Mælitæki og búnaður sem ekki er krafist samkvæmt þessum lið, sem og annar búnaður sem ekki er krafist samkvæmt þessum viðauka en er þó hafður með um borð í loftbelg á flugi, skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
  - 1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum eða búnaði, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla grunnkröfur um lofthæfi sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008,
  - 2) mælitækin og búnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi loftbelgsins, jafnvel ef um er að ræða bilun eða ólag.

- d) Auðvelt skal vera að starfrækja eða nálgast mælitæki og búnað frá vinnureit þess flugliða sem þarf að nota þau.
- e) Greiður aðgangur skal vera að öllum nauðsynlegum neyðarbúnaði til tafarlausrar notkunar.

#### **BOP.BAS.305 Lágmarksmælitæki og -búnaður fyrir flug**

Ekki skal leggja upp í loftbelgsflug þegar eitthvert af mælitækjum og búnaði loftbelgsins sem krafist er fyrir fyrirhugað flug vantar, er í ólagi eða uppfyllir ekki þá virkni sem krafist er.

#### **BOP.BAS.310 Ljós á loftbelgjum**

Loftbelgir, sem starfræktir eru að nóttu til, skulu búnir öllu eftirfarandi:

- a) blikljósi,
- b) aðferð til að gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað, sem nauðsynleg eru fyrir örugga starfrækslu loftbelgsins,
- c) vasaljósum.

#### **BOP.BAS.315 flugmælar og flugleiðsögutæki og fylgibúnaður**

Loftbelgir, sem starfræktir eru samkvæmt sjónflugsreglum að degi til, skulu búnir báðum eftirfarandi:

- a) búnaði sem sýnir rekstefnu,
- b) búnaði sem mælir og sýnir:
  - 1) tíma í klukkustundum, mínútum og sekúndum,
  - 2) stig- og fallhraða, ef þess er krafist í flughandbókinni, og
  - 3) málþrýstingshæð, ef þess er krafist í flughandbókinni, ef þess er krafist í loftrýmiskröfum eða þegar vita þarf flughæð vegna notkunar á súrefni.

#### **BOP.BAS.320 Festibúnaður**

Loftbelgir skulu hafa festibúnað fyrir flugstjóran ef loftbelgurinn er útbúinn með einu af eftirfarandi:

- a) sérrými fyrir flugstjóran,
- b) snúningsloftop (e. *turning vent*).

#### **BOP.BAS.325 Viðbótarsúrefni**

Loftbelgir, sem eru starfræktar við aðstæður þar sem gerð er krafa um súrefnisbirgðir í samræmi við lið BOP.BAS.180, skulu hafa búnað til að geyma og gefa súrefni af þeim birgðum sem gerð er krafa um.

#### **BOP.BAS.330 Sjúkrakassi**

- a) Loftbelgir skulu búnir sjúkrakassa.
- b) Sjúkrakassi skal:
  - 1) geymdur þar sem auðvelt er að ná til hans og
  - 2) yfirfarinn reglulega svo hann sé ávallt tilbúinn til notkunar.

#### **BOP.BAS.335 Handslökkvitæki**

Loftbelgir, að gasloftbelgjum undanskildum, skulu búnir a.m.k. einu handslökkvitæki.

**BOP.BAS.340 Björgunar- og merkjabúnaður – Flug yfir vatni eða hafi**

Áður en flugstjóri loftbelgs, sem flogið er yfir hafi eða vatni, hefur flug skal hann meta hættuna á að farþegar lifi ekki af nauðlendingu á vatni. Með hliðsjón af þessari áhættu skal hann ákvarða hvort þörf er á að hafa björgunar- og merkjabúð um borð.

**BOP.BAS.345 Björgunar- og merkjabúnaður – Erfiðleikar við leit og björgun**

Loftbelgir sem fljúga yfir svæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar skulu búnir þeim björgunar- og merkjabúnaði sem er viðeigandi fyrir það svæði sem flogið er yfir.

**BOP.BAS.350 Ýmiskonar búnaður**

- a) Loftbelgir skulu búnir hlífðarhönskum fyrir sérhvern loftbelgslíða.
- b) Hita-/gasloftbelgir, hitaloftbelgir og hitaloftskip skulu útbúin með öllu eftirfarandi:
  - 1) óháðum viðbótarkveikjugjafa,
  - 2) búnaði sem mælir og sýnir eldsneytismagn,
  - 3) eldvarnarteppi eða brunapolinni ábreiðu,
  - 4) a.m.k. 25 m langri falllínu (e. *drop line*).
- c) Gasloftbelgir skulu búnir báðum eftirfarandi:
  - 1) hníf,
  - 2) a.m.k. 20 m skriðkaðli úr náttúrulegum trefjum eða efni sem leiðir stöðurafmagn.

**BOP.BAS.355 Fjarskiptabúnaður**

- a) Loftbelgir skulu búnir þráðlausum fjarskiptabúnaði til að gera möguleg fjarskiptin sem krafist er samkvæmt 4. viðbæti viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 og, ef flogið er í loftrými þriðja lands, samkvæmt lögum þess þriðja lands.
- b) Fjarskiptabúnaðinn skal vera hægt að nota í fjarskiptum á neyðartíðni flugsins, 121,5 MHz.

**BOP.BAS.360 Ratsjársvari**

Loftbelgir skulu búnir ratsjársvara fyrir kögunarsvartarsjá sem býr yfir allri þeirri getu sem krafist er samkvæmt b-lið liðar SERA.6005 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 og, ef flogið er í loftrými þriðja lands, samkvæmt lögum þess þriðja lands.

KAFLI ADD

**VIÐBÓTARKRÖFUR FYRIR STARFSRÆKSLU Í ÁBATASKYNI**

1. liður

**Almennar skipulagskröfur****BOP.ADD.001 Gildissvið**

Í samræmi við 3. gr. eru í þessum kafla settar kröfur sem, til viðbótar við kröfurnar í kafla BAS, allir rekstraraðilar sem stunda starfrækslu loftbelgja í ábataskyni skulu uppfylla, aðrir en þeir rekstraraðilar sem um getur í síðustu undirgrein 2. mgr. 3. gr.



**BOP.ADD.005 Ábyrgðarsvið flugrekanda**

- a) Flugrekandi ber ábyrgð á að loftbelgur sé starfræktur í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, kröfur þessa kafla og yfirlýsingu sína.
- b) Sérhvert flug skal fara fram í samræmi við ákvæði rekstrarhandbókarinnar.
- c) Flugrekandi skal sjá til þess að loftbelgurinn hafi búnað og að allir loftbelgslíðar hafi þau starfsréttindi sem krafist er á viðkomandi flugsvæðum og fyrir þá tegund starfrækslu sem um ræðir hverju sinni.
- d) Flugrekandi skal tryggja að allir loftbelgslíðar sem starfa við eða eiga beina aðild að flugrekstri uppfylli öll eftirtalin skilyrði:
  - 1) þeir fá tilhlýðilega þjálfun og leiðbeiningar,
  - 2) þeim eru ljósar þær reglur og verklagsreglur sem skipta máli varðandi skyldustörf þeirra,
  - 3) þeir hafa sýnt fram á kunnáttu sína í þeim skyldustörfum sem þeim er sérstaklega ætlað að inna af hendi,
  - 4) þeir gera sér grein fyrir ábyrgð sinni og með hvaða hætti skyldustörf þeirra tengjast rekstri loftbelgsins í heild.
- e) Flugrekandi skal setja verklagsreglur og gefa út fyrirmæli um örugga starfrækslu fyrir hverja tegund loftbelgs fyrir sig, þar sem tilgreind eru skyldu- og ábyrgðarstörf loftbelgslíða við hvers konar starfrækslu. Í þessum verklagsreglum og fyrirmælum skal ekki gerð krafa um að loftbelgslíðar sinni öðrum störfum á varasömustu stigum flugsins en þeim er lúta að öruggri starfrækslu loftbelgsins.
- f) Flugrekandi skal gera ráðstafanir til að hafa eftirlit með loftbelgslíðum og starfsfólki sem kemur að starfrækslu loftbelgsins, af hálfu einstaklinga sem hafa næga reynslu og hæfni til að tryggja að staðlarnir, sem tilgreindir eru í rekstrarhandbókinni, séu uppfylltir.
- g) Flugrekandi skal tryggja að öllum loftbelgslíðum og öllu starfsfólki sem kemur að starfrækslu loftbelgsins sé gert ljóst að þeim beri að fara að lögum, reglugerðum og verklagsreglum þeirra ríkja þar sem starfsemin fer fram og lúta að framkvæmd skyldustarfa þeirra.
- h) Flugrekandi skal tilgreina verklagsreglur fyrir flugáætlunargerð til að tryggja öruggt flug, að teknu tilliti til afkastagetu loftbelgs, annarra starfrækslumarka og viðeigandi skilyrða sem gera má ráð fyrir á flugleiðinni og á hlutaðeigandi starfrækslusvæðum. Þessar verklagsreglur skulu vera í rekstrarhandbókinni.

**BOP.ADD.010 Tilkynning um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur**

Flugrekandi skal, þegar hann gefur út yfirlýsingu í samræmi við lið BOP.ADD.100, láta lögbæru yfirvaldi í té skrána yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, ef hann hyggst nota þær aðferðir til að sýna fram á reglufylgni þegar þess er krafist í samræmi við lið BOP.BAS.010. Skráin skal innihalda tilvísanir þær viðurkenndu aðferðir til að uppfylla kröfur sem er skipt út ef Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt tengdar viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar,

**BOP.ADD.015 Aðgangur**

- a) Í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið sé að grunnkröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) 216/2008 og að kröfum þessara reglugerðar, skal flugrekandi veita öllum einstaklingum, sem hafa heimild lögbæra yfirvaldsins, hvenær sem er aðgang að öllum starfsstöðvum, loftbelgjum, skjölum, skýrslum, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfsemi flugrekandans sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, hvort sem um starfsemina er verktakasamningur eða ekki.
- b) Ef um er að ræða farþegaflug með loftbelg í atvinnuskyni skal aðgangur að loftbelgnum fela í sér möguleikann á að fara um borð og vera um borð í loftbelgnum meðan á starfrækslu flugs stendur, nema það stofni flugöryggi í hættu.

**BOP.ADD.020 Frávik**

Eftir móttöku tilkynningar um frávik, sem lögbæra yfirvaldið vakti máls á í samræmi við lið ARO.GEN.350, ARO.GEN.355 og ARO.GEN.360 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, skal flugrekandi grípa til allra eftirfarandi ráðstafana:

- a) greina frumorsök þess að tilskildar kröfur hafi ekki verið uppfylltar,

- b) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta,
- c) sýna lögbæra yfirvaldinu með fullnægjandi hætti fram á framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta innan þess frests sem yfirvaldið tiltekur í samræmi við lið ARO.GEN.350 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

#### **BOP.ADD.025 Tilkynning atvika**

- a) Flugrekandi skal innleiða, sem hluta af stjórnunarkerfi sínu, tilkynningarkerfi um atvik sem kveður á um skyldubundna og valfrjálsa skýrslugjöf í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 <sup>(1)</sup>.
- b) Með fyrirvara um a-lið skal flugrekandi tilkynna lögbæra yfirvaldinu og fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á hönnun loftbelgsins, um allar bilanir, tæknibilanir, frávik út fyrir tæknileg mörk eða atvik sem myndu undirstrika ónákvæmar, ófullnægjandi eða tvíræðar upplýsingar sem er að finna í gögnum sem kveðið er á um í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 og öll önnur atvik sem teljast til flugatvika en ekki slysa eða alvarlegra flugatvika.
- c) Flugrekandinn gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að flugstjórinn, aðrir loftbelgslíðar og allt starfsfólk flugrekandans fari að ákvæðum 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 <sup>(2)</sup> að því er varðar alvarleg flugatvik eða slys sem tengjast starfrækslu loftbelgs.

#### **BOP.ADD.030 Stjórnunarkerfi**

- a) Flugrekandinn skal koma á fót, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem felur í sér eftirfarandi öll eftirfarandi atriði:
  - 1) að skilgreina með skýrum hætti skiptingu ábyrgðar og skyldu í öllu fyrirtæki flugrekandans, þ.m.t. að ábyrgðarmaðurinn beri beina ábyrgð á örygginu,
  - 2) að lýsa grundvallarviðhorfi og meginreglum flugrekandans með tilliti til öryggis, og yrði þekkt sem öryggisstefnan,
  - 3) að greina öryggishættur tengdar flugi í tengslum við starfsemi flugrekandans, mat á þessari hættu og stjórnun á tilheyrandi áhættum, þ.m.t. að grípa til aðgerða til áhættumildunar ef nauðsyn krefur og að staðfesta skilvirkni þessara aðgerða,
  - 4) að tryggja að starfsfólk sé ávallt þjálfað og hæft til að inna af hendi verkefni sín,
  - 5) gögn yfir öll lykilverli stjórnunarkerfisins, þ.m.t. ferli til að gera starfsfólki grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber og verklag til að breyta þessum gögnum,
  - 6) aðgerð til að hafa eftirlit með því að flugrekandinn fari að kröfum í þessum viðauka. Slíkt samræmisefirlit skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis til ábyrgðarmanns flugrekanda til að tryggja skilvirka framkvæmd nauðsynlegra úrbóta,
  - 7) nauðsynleg ferli til að tryggja að farið sé að kröfum 4., 5., 6. og 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014.
- b) Stjórnunarkerfið skal vera í samræmi við stærð flugrekandans og eðli starfsemi hans og hve flókin hún er, að teknu tilliti til hættunnar og tilheyrandi áhættu sem fylgir þessari starfsemi.

#### **BOP.ADD.035 Útvistuð starfsemi**

Ef flugrekandi útvistar hluta af starfsemi sinni sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar skal hann bera ábyrgð á því að stofnunin eða fyrirtækið sem samið er við annist starfsemina í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og kröfurnar í þessari reglugerð. Flugrekandi skal einnig tryggja að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að stofnuninni eða fyrirtækinu, sem samið er við, til að ákvarða hvort flugrekandinn uppfylli þessar kröfur.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsslugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtið. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsslugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtið. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).

**BOP.ADD.040 Kröfur sem gerðar eru til starfsfólks**

- a) Flugrekandi skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla starfsemi sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar og að starfsemin geti farið fram í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og við kröfur þessarar reglugerðar. Ábyrgðarmaðurinn skal bera ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirku stjórnunarkerfi.
- b) Flugrekandinn skal:
  - 1) skilgreina ábyrgð starfsfólks síns að því er varðar öll verkefni og starfsemi sem fram á að fara,
  - 2) hafa nægilegan fjölda hæfs starfsfólks til að annast þessi verkefni og starfsemi og
  - 3) halda viðeigandi skrár yfir reynslu, menntun og hæfi og þjálfun starfsfólksins.
- c) Rekstraraðili skal tilnefna einn eða fleiri einstaklinga til að hafa umsjón með stjórnun og eftirliti á öllum eftirfarandi sviðum:
  - 1) flugrekstri,
  - 2) rekstri á jörðu niðri,
  - 3) áframhaldandi lofthæfi í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

**BOP.ADD.045 Kröfur um aðstöðu**

Flugrekandi skal búa yfir aðstöðu til að hægt sé að framkvæma og stýra öllum verkefnum og þeirri starfsemi sem þörf er á til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) 216/2008 og að kröfum þessara reglugerðar.

*2. liður***Yfirlýsing, lofthæfi og þjónustu- og tómaleiga****BOP.ADD.100 Yfirlýsing**

- a) Í yfirlýsingunni sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 3. gr. skal flugrekandi staðfesta að hann uppfylli og muni halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og kröfurnar í þessari reglugerð.
- b) Í yfirlýsingunni skal flugrekandi taka fram eftirfarandi upplýsingar:
  - 1) nafn flugrekanda,
  - 2) hvar flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar,
  - 3) nafn og upplýsingar um ábyrgðarmann flugrekandans,
  - 4) upphafsdag starfrækslu í ábataskyni og, ef við á, dagsetninguna sem breyting á fyrirliggjandi starfrækslu í ábataskyni tekur gildi,
  - 5) að því er varðar alla loftbelgi sem notaðir eru við starfrækslu í ábataskyni: tegund loftbelgs, skráningu, meginstarfsstöð, tegund starfrækslu og fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.
- c) Eftir atvikum skal flugrekandi láta fylgja yfirlýsingunni skrá yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, í samræmi við lið BOP.ADD.010.
- d) Þegar flugrekandi gefur út yfirlýsingu skal hann nota eyðublaðið sem er að finna í viðbætinum við þennan viðauka.

**BOP.ADD.105 Breytingar á yfirlýsingu og stöðvun starfrækslu í ábataskyni**

- a) Flugrekandi skal tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvald um hvers konar breytingar á aðstæðum sem hafa áhrif á hvort farið sé að grunnkröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og að kröfum þessarar reglugerðar, eins og þær eru tilkynntar lögbæru yfirvaldi, og allar breytingar að því er varðar upplýsingarnar sem um getur í b-lið liðar BOP.ADD.100 og skrána yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í c-lið liðar BOP.ADD.100, eins og þær eru skráðar í eða fylgja yfirlýsingunni.
- b) Flugrekandi skal tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi þegar hann stundar ekki lengur starfrækslu loftbelgja í ábataskyni.

**BOP.ADD.110 Lofthæfikeröfur**

Loftbelgir skulu hafa lofthæfivottorð sem er gefið út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða, í tilviki loftbelgs sem er skráður í þriðja landi, háðir annað hvort samningi um þjónustuleigu eða samningi um tómaleigu í samræmi við lið BOP.ADD.115.

**BOP.ADD.115 Þjónustuleiga eða tómaleiga loftbelgs sem er skráður í þriðja landi**

- a) Flugrekandi skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um alla samninga um þjónustuleigu eða samninga um tómaleigu loftbelgs sem er skráður í þriðja landi.
- b) Ef loftbelgur sem er skráður í þriðja landi fellur undir samning um þjónustuleigu skal flugrekandi tryggja að öryggisstig sem leiðir af beitingu öryggisstaðla, hvað varðar áframhaldandi lofthæfi og flugrekstur, sem flugrekandi loftbelgsins í þriðja landinu fellur undir, sé a.m.k. jafngilt öryggisstiginu sem leiðir af beitingu krafanna í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og í þessari reglugerð.
- c) Ef loftbelgur sem er skráður í þriðja landi fellur undir samning um tómaleigu skal flugrekandi tryggja að farið sé að grunnkröfum í tengslum við áframhaldandi lofthæfi sem eru settar fram í I. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og að kröfum þessarar reglugerðar.

*3. liður***Handbækur og skrár****BOP.ADD.200 Rekstrarhandbók**

- a) Flugrekandinn taka saman rekstrarhandbók.
- b) Efni rekstrarhandbókarinnar skal endurspeglja kröfurnar sem settar eru fram í þessum viðauka og skal ekki brjóta í bága við neinar upplýsingar sem er að finna í yfirlýsingu flugrekanda.
- c) Rekstrarhandbókin má vera í aðskildum hlutum.
- d) Allt starfsfólk flugrekanda skal hafa greiðan aðgang að þeim hlutum rekstrarhandbókarinnar sem lúta að skyldustörfum þeirra.
- e) Rekstrarhandbókin skal uppfærð reglulega. Öllu starfsfólki flugrekanda skal gert vart um allar breytingar á rekstrarhandbókinni sem skipta máli við framkvæmd skyldustarfa þeirra.
- f) Flugrekandi skal tryggja að allar upplýsingar sem eru notaðar sem grundvöllur innihalds rekstrarhandbókarinnar og allar breytingar á henni komi rétt fram í rekstrarhandbókinni.
- g) Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk skilji tungumálið, sem þeir hlutar rekstrarhandbókarinnar, sem lúta að skyldustörfum þeirra, eru skrifaðir á. Innihald rekstrarhandbókarinnar skal sett fram á þann hátt að vandalaust sé að nota hana.

**BOP.ADD.205 Skráahald**

- a) Flugrekandi skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir mögulega viðunandi geymslu og áreiðanlegan rekjanleika hvað varðar starfsemina.
- b) Snið skýrslna skal tilgreint í verklagsreglum eða handbókum flugrekandans.

#### 4. liður

### Flugliðar

#### BOP.ADD.300 Samsetning flugáhafnar

- a) Samsetning flugáhafnar skal vera að lágmarki, eins og tilgreint er í flughandbók eða starfrækslumörkum sem mælt er fyrir um fyrir loftbelginn.
- b) Aukaflugliðum skal bætt við flugáhöfnina þegar þeirra er þörf vegna eðlis starfrækslunnar. Flugliðar skulu ekki vera færri en sú tala sem tilgreind er í rekstrarhandbókinni.
- c) Allir flugliðar skulu vera handhafar skírteinis og áritana, sem gefin eru út eða samþykkt í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, og sem eru viðeigandi fyrir þau skyldustörf sem þeim eru falin.
- d) Heimilt er að flugliðar með tilskilin starfsréttindi leysi annan flugliða af við stjórn tækin á flugi.
- e) Þegar flugrekandi ræður til sín flugliða sem vinna í lausamennsku eða í hlutastarfi skal hann ganga úr skugga um að farið sé að öllum eftirfarandi kröfum:
  - 1) kröfum þessa kafla,
  - 2) ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, þ.m.t. kröfurnar um nýlega reynslu,
  - 3) fartíma- og vinnutímamörkum og reglum um hvíldartíma í samræmi við landslög aðildarríkisins þar sem flugrekandi hefur höfuðstöðvar sínar, að teknu tilliti til allrar þjónustu sem flugliði veitir öðrum flugrekendum.

#### BOP.ADD.305 Tilnefning sem flugstjóri

- a) Flugrekandinn skal tilnefna einn flugmann meðal flugliðanna sem flugstjóra.
- b) Flugrekandinn skal aðeins tilnefna flugmann sem flugstjóra ef viðkomandi hefur:
  - 1) starfsréttindi sem flugstjóri í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,
  - 2) lágmarksreynslu sem tilgreind er í rekstrarhandbókinni og
  - 3) fullnægjandi þekkingu á svæðinu sem fljúga á yfir.

#### BOP.ADD.310 Tilhögun þjálfunar og prófunar

Öll þjálfun og prófun flugliða sem krafist er samkvæmt lið BOP.ADD.315 skal fara fram sem hér segir:

- a) í samræmi við þær þjálfunaráætlanir og námskrár sem flugrekandi hefur skráð í rekstrarhandbókina,
- b) af hálfu einstaklinga með viðeigandi réttindi og hæfi og, að því er varðar flugþjálfun og prófun, af hálfu einstaklinga með viðeigandi réttindi og hæfi í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

#### BOP.ADD.315 Reglubundin þjálfun og próf

- a) Sérhver flugliði skal á tveggja ára fresti ljúka reglubundinni flugþjálfun og þjálfun á jörðu niðri sem er viðeigandi fyrir þann flokk loftbelgja sem hann starfrækir, þ.m.t. þjálfun í staðsetningu og notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð.
- b) Sérhver flugliði skal ljúka hæfniprófi flugrekanda til að sýna fram á kunnáttu sína í verklagi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og við neyðaraðstæður, sem ná yfir viðeigandi þætti sem tengjast sérhæfðum verkefnum sem lýst er í rekstrarhandbók. Við þessi próf skal tilhlýðilegt tillit tekið til loftbelgslíða sem sinna starfrækslu samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu til.
- c) Hæfnipróf flugrekanda skulu gilda í 24 almanaksmánuði, talið frá lokum þess mánaðar þegar prófið var tekið eða, ef prófið fór fram á síðustu 3 mánuðum gildistíma fyrra prófsins, frá lokadegi gildistíma fyrri prófunar.

*5. liður***Almennar starfrækslukurðfur****BOP.ADD.400 Ábyrgð flugstjórans**

Flugstjóri skal uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

- a) fara að viðeigandi kröfum um tilkynningarkerfi flugrekanda um atvik sem um getur í lið BOP.ADD.025,
- b) fara að öllum fartíma- og vinnutímamörkum og reglum um hvíldartíma sem gilda um starfsemi hans í samræmi við landslög aðildarríkisins þar sem flugrekandi hefur höfuðstöðvar sínar.

**BOP.ADD.405 Valdsvið flugstjóra**

Þrátt fyrir ákvæði liðar BOP.BAS.035 skal flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að sjá til þess að allir, sem í loftbelgnum eru, hlýði lögmætum fyrirskipunum flugstjórans sem miða að því að tryggja öryggi loftbelgsins og einstaklinga eða eigna um borð eða einstaklinga eða eigna á jörðu niðri.

**BOP.ADD.410 Viðbótarloftbelgslíði**

Ef loftbelgur tekur fleiri en 19 farþega skal vera a.m.k. einn viðbótarloftbelgslíði um borð í loftbelgnum til viðbótar við þá flugliða sem krafist er samkvæmt ákvæðum a- og b-liðar liðar BOP.ADD.300 til að aðstoða farþega ef neyðarástand skapast. Viðbótarloftbelgslíðinn skal hafa viðeigandi reynslu og þjálfun.

**BOP.ADD.415 Hæfni í tengslum við djúpköfun og blóðgjöf**

Loftbelgslíðar skulu ekki gegna skyldustörfum um borð í loftbelg ef hæfni þeirra er skert í kjölfarið á djúpköfun eða blóðgjöf.

**BOP.ADD.420 Sameiginlegt tungumál**

Flugrekandi skal sjá til þess að allir loftbelgslíðar geti tjáð sig hver við annan á sameiginlegu tungumáli.

**BOP.ADD.425 Geðvirk efni**

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að enginn fari inn í eða sé í loftbelg undir áhrifum geðvirkra efna að því marki að það stofni öryggi loftbelgsins eða einstaklinga eða eigna sem þar eru um borð eða einstaklinga eða eigna á jörðu niðri í hættu vegna nærveru þess einstaklings.

**BOP.ADD.430 Öryggi stofnað í hættu**

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að enginn aðhafist eða láti vera að aðhafast, af ásettu ráði, gáleysi eða kæruleysi, neitt það sem hefur eitt af eftirfarandi í för með:

- a) stofnar loftbelg eða einstaklingum um borð eða á jörðu niðri í hættu,
- b) veldur því eða heimilar að loftbelgur stofni fólki eða eignum í hættu.

**BOP.ADD.435 Skjöl, handbækur og upplýsingar sem eiga að vera um borð**

a) Öll eftirfarandi skjöl, handbækur og upplýsingar skulu vera um borð í loftfari í hverri flugferð, í formi frumrita eða afrita:

- 1) yfirlýsing flugrekanda,
- 2) upplýsingar er varða leitar- og björgunarþjónustu fyrir svæðið sem fyrirhugað er að fljúga yfir,
- 3) leiðarflugáætlun.

- b) Frumritum af öllum eftirfarandi skjölum, handbókum og upplýsingum skal komið fyrir á öruggum stað, ekki um borð í loftbelg á flugi:
- 1) þau skjöl, handbækur og upplýsingar sem um getur í a-lið, ef afrit þeirra eru um borð í loftbelgnum á flugi,
  - 2) gildandi hlutar rekstrarhandbókarinnar eða stöðluðu verklagsreglnanna, sem skipta máli varðandi skyldustörf loftbelgslíða sem skulu hafa greiðan aðgang að þeim,
  - 3) farþegaskrá, þegar farþegar eru fluttir,
  - 4) massaskráin sem um getur í c-lið liðar BOP.ADD.600.
- c) Ef lögbært yfirvald krefst þess skal flugstjóri eða flugrekandi gefa yfirvaldinu aðgang að frumritum skjala, handbóka og upplýsinga innan þess frests sem yfirvaldið tiltekur, sem skal ekki styttri en 24 klst.

#### **BOP.ADD.440 Hættulegur varningur**

Flugrekandinn skal:

- a) setja verklagsreglur til að tryggja að gripið sé til allra réttmætra ráðstafana til að koma í veg fyrir að hættulegur varningur sé hafður meðferðis um borð í loftbelginn af slysi og
- b) veita loftbelgslíðum nauðsynlegar upplýsingar sem gera þeim kleift að gegna skyldum sínum vegna hættulegs varnings um borð eða sem ætlunin er að taka um borð í loftbelginn.

#### *6. liður*

#### **Verklagsreglur í flugi**

#### **BOP.ADD.500 Eldsneytis- eða kjölfestuútreikningar**

Flugrekandi skal tryggja að útreikningar á varaeldsneyti eða kjölfestu séu skráðir í leiðarflugáætlun.

#### **BOP.ADD.505 Flutningur á sérstökum flokkum farþega**

Flugrekandi skal setja verklagsreglur um flutning einstaklinga, sem þarfnast sérstakra aðstæðna, aðstoðar eða búnaðar þegar þeir ferðast með loftbelg, sem tryggja öryggi loftbelgsins og einstaklinga eða eigna um borð.

#### **BOP.ADD.510 Sérstök starfræksla loftbelgs í ábataskyni — Staðlaðar verklagsreglur**

Þrátt fyrir ákvæði liðar BOP.BAS.190:

- a) Áður en sérstök starfræksla loftbelgs í ábataskyni hefst skal flugrekandi framkvæma áhættumat þar sem hann metur flækjustig fyrirhugaðrar starfrækslu til að ákvarða hættur og tilheyrandi áhættu, og gera ráðstafanir til að draga úr áhættu ef nauðsyn krefur.
- b) Áður en sérstök starfræksla loftbelgs í ábataskyni hefst skal flugrekandi, á grundvelli áhættumatsins, koma á stöðluðum verklagsreglum sem hæfa fyrirhugaðri starfrækslu og loftbelgnum sem er notaður. Stöðluðu verklagsreglurnar skulu vera hluti af rekstrarhandbókinni eða tilgreindar í aðskildu skjali. Flugrekandi skal endurskoða og uppfæra stöðluðu verklagsreglurnar með reglulegu millibili ef nauðsyn krefur til að taka mið af áhættumati.
- c) Flugrekandinn skal tryggja að sérstök starfræksla loftbelgs í ábataskyni fari fram í samræmi við stöðluðu verklagsreglurnar.

*7. liður***Takmarkanir á afkastagetu og starfrækslu****BOP.ADD.600 Kerfi til að ákvarða massa**

- a) Flugrekandi skal koma á kerfi þar sem tilgreint er hvernig eftirfarandi þættir eru ákvarðaðir af nákvæmni fyrir hvert flug til þess að gera flugstjóranum kleift að staðfesta að farið sé að takmörkunum sem tilgreindar eru í flughandbókinni:
- 1) tómassi loftbelgs,
  - 2) massi flutningshleðslu,
  - 3) massi eldsneytis eða kjölfestu,
  - 4) flugtaksmassi,
  - 5) að loftbelgur sé hlaðinn undir umsjón flugstjóra eða hæfs starfsfólks,
  - 6) undirbúningur og framsetning allra gagna.
- b) Flugstjórinn skal geta afritað útreikning á massa á grundvelli rafrænna útreikninga.
- c) Massaskráin, sem tilgreinir atriðin sem eru skráð í a-lið, skal gerð fyrir hvert flug og skráð í leiðarflugáætlun.
-



## Viðbætur

## YFIRLÝSING

í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/395

**Stjórnandi**

Heiti:

Staður þar flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar.

Nafn og samskiptaupplýsingar ábyrgðarmanns:

**Starfræksla loftbelgs**

Upphafsdagur starfrækslu í ábataskyni og, ef við á, dagsetningin á breytingu á fyrirliggjandi starfrækslu í ábataskyni.

Upplýsingar um loftbelgi sem notaðir eru, starfrækslu í ábataskyni og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (1):

Tegund loftbelgs	Skrásetning loftbelgs	Meginstarfsstöð	Tegund eða tegundir starfrækslu (2)	Fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (3)

Eftir atvikum, skrá yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur með tilvísanir í tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar (sem viðauki við þessa yfirlýsingu):

**Yfirlýsingar**

Flugrekandi uppfyllir og mun halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og kröfurnar í reglugerð (ESB) 2018/395.

Flugrekandi sinnir einkum starfrækslu sinni í ábataskyni í samræmi við eftirfarandi kröfur í kafla ADD í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/395:

Gögn stjórnunarkerfis, þ.m.t. rekstrarhandbókin, uppfylla kröfur kafla ADD og öll flug munu fara fram í samræmi við ákvæði rekstrarhandbókarinnar eins og krafist er í b-lið liðar BOP.ADD.005 í kafla ADD.

Allir loftbelgir sem eru starfræktir hafa annað hvort lofthæfivottorð sem er gefið út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða þeir uppfylla sértækar lofthæfikröfur sem gilda um loftbelgi sem eru skráðir í þriðja landi og falla undir samning um þjónustuleigu eða samning um tómaleigu eins og krafist er í lið BOP.ADD.110 og lið BOP.ADD.115 (b- og c-lið) í kafla ADD.

- Allir flugliðar eru handhafar skírteinis og áritana sem gefin eru út eða samþykkt í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eins og krafist er í c-lið liðar BOP.ADD.300 í kafla ADD.
- Flugrekandi mun tilkynna lögbæru yfirvaldi um hvers konar breytingar á aðstæðum sem hafa áhrif á hvort að farið sé að grunnkröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/395, eins og þær eru tilkynntar lögbæru yfirvaldi með þessari yfirlýsingu, og um allar breytingar á upplýsingum og skráum yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem er að finna í og fylgja með þessari yfirlýsingu, eins og krafist er í a-lið liðar BOP.ADD.105 í kafla ADD.
- Flugrekandi staðfestir að allar upplýsingar sem fram koma í þessari yfirlýsingu, þ.m.t. í viðaukum hennar, eru tæmandi og réttar.

*Dagsetning, nafn og undirskrift ábyrgðarmanns“*

- (1) Fyllið út töfluna. Ef ekki er nægilegt rými til að skrá upplýsingarnar skulu þær skráðar í sérstökum viðauka. Viðaukinn skal dagsettur og undirritaður.
- (2) „Tegund eða tegundir starfrækslu“ vísar til tegundar starfrækslu loftbelgs í ábataskyni.
- (3) Í upplýsingum um fyrirtækið sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi lofffarsins skal koma fram nafn fyrirtækisins, heimilisfang og tilvísunarnúmer samþykkis.